

Starfsskýrsla Haukadals, 1988.1. Veðurfar.

Kalt var í veðri, í upphafi árs. Ekki er þó hægt að tala um harðindi. Hins vegar var óvenjulangur samfelldur frostakafli frá janúarbyrjun og fram í miðjan febrúar. Mjög var snjólétt, og 3-4 daga kaflar með um -20 gráður C hjuggu áreiðanlega stór skörð í stofn sitkalúsar á Suðurlandi.

Mars var nokkuð kaldur, og þá snjóaði nokkuð. Apríl var óvenjukaldur. Þá snjóaði talsvert.

Fyrri hluta maímánaðar var fremur svalt. Að morgni þess 9. var 16 cm jafnfallinn sjór á hlaðinu í Haukadalsdal. 11. maí fór tíðin að batna. Var hitinn á daginn oftast 12-16 gráður C út maímánuð, en komst þó í 19 gráður 14. og 15. maí.

Júní var með afbrigðum kaldur og votur. 12. júní náði hitinn 19 gráðum, annars voru yfirleitt 6-10 gráður á daginn, en mun kaldara á næturnar (t.d. aðeins 1-4 gráður í vikunni 19.-25. júní). Í Rvk. var júní sá sólarminnsti frá 1949.

26. júní hlynaði, og júlímánuður var sémilega hlyr. Hins vegar var óvenjuvindasamt. 25. júlí brotnaði talsvert af sitkagrenitoppum í NA-stormi.

Agúst var í meðallagi hlyr, en heldur vindasamur.

Hlytt var í byrjun sept. og þurr, en vindasamt. Fyrsta næturfrost kom aðfaranótt 13. sept. Voru þá -2 gráður C kl. 7.30. Fór síðan kólnandi, og var oft frost, er nær dró mánaðamótum.

Alls náði hitinn 20 gráðum 8 daga um sumarið. 7. júlí varð hlyjast, 24 gráður C. Meðalhitinn um sumarið varð heldur lægri en undanfarin ár, en svipaður og meðaltal árána 1971-1980.

12. okt. hlynaði aftur. Var síðan oftast frostlaust og stundum allt að 10 gráðu hiti í 5 vikur. Frá 27. nóv. var heldur kaldara, en mjög umhleypingasamt til áramóta. Kaldast varð í Haukadalsdal 4. des. -14 gráður.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.2.1 Laufgun og lauffall.

Bæjarstaðabirkið, sem og kjarrið, laufgaðist 4. júní. Kjarrið felldi lafið 5. október, en Bæjarstaðabirkið ekki fyrr en 20. okt. Frostin í lok sept. og byrjun okt. töfðu lauffall þess.

2.2 Vöxtur og þrif.

Vöxtur stafafuru og rauðgrenis var betri en mörg undanfarin ár. Einnig var vöxtur sitkagrenis í góðu meðallagi. Lerki óx allvel.

Talsverðir skaðar urðu í NA-hvassviðri 25. júlí. Voru það sitkagrenitoppur, sem brotnuðu í miklum mæli, þar sem svo háttar til, að trén standa áveðurs.

Köngulingur breiðist nokkuð út. Er farið að bera á honum í rauðgreni frá '59-'60 ofan við elsta rauðgrenið yst í Miðhliðinni, en þar varð hans fyrst vart. Enn er útbreiðslan þó á mjög takmörkuðu svæði eða á 1-2 ha.

2.3 Fræfall.

Stöku sitkagrenitré bar mikið af könglum, sem ekki voru tindir, enda var langt á milli blómstrandir einstaklinga og sumarið heldur svalt. Talsvert var af könglum á fjallapín í birki-reitnum heimavið. Fræið virtist allt vera tómt. Litils háttar var tint af könglum af fjallapöllum við Laugaveg 7.

3. Starfsfólk.

4. Girðingar og varsla.

Girðingar komu verr undan vetri en mörg undanfarin ár. Einkum bar á úrrennsli undan girðingum. Landgræðslugirðingin í Haukadál var hriplek allt sumarið, og virtist viðhaldi að mestu hafa verið sleppt. Kom því talsvert af fé fram í skógræktarlandið. Því miður virðist nauðsynlegt, að þetta mál verði rætt við Landgræðslustjóra fyrir næsta vor.

5. Skógarhögg.

5.1 Jólatré.

Fyrstu trén voru höggvin 7.nóv., á afmælisdegi rússnesku byltingarinnar. 18.nóv. var högginu að mestu lokið. Næstu 2 vikurnar var minni mannskapur í Haukadál, eða 3-5 menn, en höfðu verið 8, þegar flest var. Var nú lokið við að snyrta og flokka trén sem og höggvið í þær stærðir, sem vantaði uppá. 28.nóv. var byrjað að flytja trén á markað. Var því að mestu lokið 8.des. Nær allt var flutt með bílum úr safni S.r.

Alls voru höggvin í Haukadál 2460 stk. af rauðgreni og 1370 stk. af stafafuru. Er þá úrkastið undanskilið. Jólatrén skiptust þannig eftir stærð:

Hæð í cm	Rauðgreni	Stafafura
70-100	346 stk.	185 stk.
100-125	590 -	318 -
125-150	641 -	340 -
150-175	471 -	327 -
175-200	253 -	137 -
200-250	113 -	59 -
250-275	12 -	4 -
Samtals	2426 -	1366 -

Að auki voru höggvin og seld á þriðja tug rauðgrenitrjáa yfir 3 m, ein fura rúmir 3 m og 13 stk. blágreni af stærð 70-200 cm. Búntuð voru ca. 200 kg af furugreinum.

Nóg er af jólatrjám í Haukadál til að höggva a.m.k. tvöfalt

magn af öllum þessum tegundum næstu árin, ef markaður fæst.

5.2 Grísjun.

Sagaðar voru rásir í 3,0 ha af birkikjarri neðan við Bein-
hóla, alls um 20 dagsverk.

6. Gróðursetning.

Dato	Tegund	Kvæmi	Aldur	Frænr.	Pl.gerð	Reit.nr	Pl.fj.
30.05	Blágr.	Stein	1/0	C-155	Fp.67	1088	9700
01.06	-	-	1/0	-	-	3081-2	4600
15.06	-	Rio Gr.	1/0	-	-	6041	10700
Blágreni samtals:							25020
03.06	Sitkab.	Kenai	1/0	C-145	Fp.67	3081-2	1050
03.06	-	-	-	-	-	6171	100
03.06	-	-	-	-	-	2107	150
13.06	-	-	-	-	-	6400	4770
30.06	-	-	-	-	-	6015	4340
Sitkabastarður samtals:							10410
06.06	L.sibir	Tuwan	1/0	C-176	Fp.67	6301	8305
07.06	-	-	-	-	-	6300	23375
L.sibirica samtals:							31680
14.06	Stafaf.	Tar.öy	1/0	870012	Fp.67	6041	26140
23.06	-	-	-	-	-	6015	3010
Stafafura samtals:							29150
Samtals plöntur:							96260

7. Umhirða plantna.

7.1 Kjarrhreinsun.

Sagað var frá í eftirtöldum reitum:

Reitarnúmer	ha	Dagaverk
2081	0,3	2
2124	1,4	10
6042, 6044, 6045	1,6	8
Samtals	3,3	20

Eins og undanfarin 3 ár var talsvert úðað með Roundup, þar sem teinungur vex upp eftir sögun, enda hefur árangur verið vel viðunandi. Í eftirfarandi töflu er greint frá, hvar úðað var á árinu. Einnig er greint frá því, hvenær var úðað, og hvort úðað var í fyrsta sinn eða annað. Til að forðast að úða sama blettinn tvisvar, er nefnilega fremur sleppt úr, ef vafi leikur á um, hvort e-r tiltekinn blettur, eða rás, er búinn eður ei. Það sem verður útundan er svo úðað árið eftir.

Úðun:

Dagsetning	Reitarnr.	ha	Magn	Ath.
19.08	6079	3.6	5 dælur	Endurtekning
25.08	2124	1,8	3 dælur	-
05.09	2124	1,2	3 dælur	-
06.-07.09	2122,2123	1,2	7 dælur	Fyrsta úðun
Samtals		7,8	18 dælur	

Auk reita nr. 2122 og 2123 var úðað í reitum nr. 2125 og 2126. Það var í öllum þessum fjórum reitum, sem úðað var á 1,2 ha.

7.2 Snyrting.

Lítið var hægt að sinna þessu í Haukadal. Klippt var frá ungri furu í reit 2017, 0,2 ha og rauðgreni snyrt í reit 1042, 0,4 ha og í reit 2101, 1,3 ha. Einnig var klippt frá ungum plöntum og snyrt, í Miðhliðinni ofan vegar á ca. 3 ha.

7.3 Aburðargjöf.

Dagsetn.	Reitarnr.	ha	Aburðarteg.	Magn	Ath.
02.06.	6079	0.5	Græðir 3	200 kg	
02.06	6173	2.0	-	550 -	
03.06	6078	0,2	Kjarni	50 -	
03.06	6078	0.1	Magni	25 -	
03.06	6079	2.5	Græðir 3	650 -	
03.06	6079	0.5	Kjarni	200 -	
03.06	6079	0.1	Magni	25 -	
27.06	6041	1,5	Þrifosfat	150 -	25g/pl.
28.06	6041	4.0	Magni	150 -	10g/pl.
Samtals:		11.4 ha		2000 kg	

Flugdreifit var 6 t á sama svæði og 1987, og var meiningin að dreifa nú á ljósu rendurnar (sem urðu útundan '87). Er skemmst frá því að segja, að með nýju vélinni reyndist dreifingin ónákvæmari en með þeirri gömlu. Enn eru því eftir talsverðir blettir á þessu svæði, óábornir, meðan aðrir hafa fengið áburð tvö ár í röð.

7.4 Framræsla.

Beltagrafa ræktunarsambandsins Ketilbjarnar gróf rúmlega 4 km af framræsluskurðum. Suma þessara skurða má reyndar allt eins líta á sem lið í vegagerð. Það gildir t.d. um skurð frá Beinaá, neðan við kirkjuna, og upp að fremsta veginum í Kotmyrinni. Einnig á þetta við um skurð frá Langamel, yfir í Sauðholtstunguna og á ská upp hana, uppundir Selhól. Sá skurður tryggir gott vegasamband yfir í Sauðholtstunguna, ef sett er ræsi á Stekkjartúns-ánnu. Fyrir innan plógstrengina í Bryggjumýri er allviðlendum myrarfláki upp með Tungufljóti. Þar var grafinn skurður upp endilanga mýrina, og verður ruðningurinn ágætis vegarstaði. Skurðurinn, sem grafinn var upp með Hrislæknum fyrir 12 árum, var framlengdur inn undir Hrislækjarbotna og löguð aðkoma fyrir tæki að Hólmavaði. Meðfram Laugarveginum voru grafnar nokkrir stuttir vegaskurðir og sett niður eitt ræsi. Einnig var sett niður stórt ræsi í Kjaftagilið og vantar aðeins herslumuninn, að hægt sé að komast með tæki eftir Laugarveginum alla leið frá Miðhliðarholti og upp að langa furubeltinu rétt fyrir ofan Laugaveg 7. Ræst var fyrir vegarspotta frá aðalvegi og í efri jaðarinn á Sigurðar Jónassonarreitnum. Þar var og sett ræsi yfir lækinn. Enn ofar, en þó neðan við Laugaveg 7, voru grafnir vegaskurðir og sett niður eitt ræsi, svo nú má komast með tæki neðan við reiti 6078 og 6079 inn eftir ofanverðum Myrarkrikanum, þegar jafnað hefur verið úr

ruðningunum. Upp frá Langamel voru grafnir framræslu- og vegaskurðir og sett niður 4 ræsi. Við þetta opnast t.d. leið að reit 6174, þar sem gróðursett var 1968, en hefur lítið verið hægt að sinna síðan vegna vegleysis. Einnig opnast við þetta tvær leiðir frá Langamel upp að Strythól. Með frekari aðgerðum, t.d. plægingu og e.t.v. annarri jarðvinnslu, verður hægt að gróðursetja í þær myrar, sem umræddir vegaskurðir liggja um.

Enn eru ótaldir skurð-ir neðan og austan við Selhól, og stuttur skurður, sem ræsir fram úr plóstrengjum vestanvert á Sauðholtstungu frá 1987, en vatn stóð uppi þeim. Þessir skurðir eru hreinir framræsluskurðir.

A næsta ári verður nauðsynlegt að hreinsa upp úr sumum af skurðunum.

7.4 Jarðvinnsla.

Herfaðir voru tæplega 30 ha með TTS-herfinu, sem Deutsch dráttarvélin dró. Svæðið, sem unnið var, er á milli girðingarinnar framan við skógræktarsvæðið og gróðursetningar í plógstrengjum á Kotmyrinni. Einnig austan við Almenningsá, milli árinna og plógstrengja í Hríslækjarmyri uppundir Hríslækjarbotna og milli skógræktargirðingarinnar og plógstrengjanna niður að fjárhúss-tóttinni á Tungufljótsbökkum. Árið 1989 stendur til að gróðursetja sk. Kókskóg í hluta af þessu landi.

8. Vegagerð.

Að öðru leyti en upp var talið í 7.4 var lítið unnið að vegagerð í Haukadál. Jarðytan fór einn hring og lagaði vegaskemmdir vetrarins og endurnýjaði slagbranda.

9. Byggingar.

Baðherbergið í starfsmannahúsinu var endurbætt, með því að sturtubotninn var steypdur og stækkaður og vatnsheldur dúkur settur á vegg sturtuklefans, sem og á skilrúmið, er smíðað var. Baðherbergið og gangurinn voru máluð.

Skipt var um hitaveitukerfi. Kalda vatnið var leitt í spirál gegnum hverinn og þaðan upp í hús. Þar notast þetta upphitaða vatn, bæði í krana og til að hita upp miðstöðvarvatnið. Miðstöðvarvatnið er í lokaðri hringrás með þenslukeri og lítilli dælu, sem hvorttveggja er komið fyrir inni í þvottahúsinu.

10. Vélar og verkfæri.

Haukadalszetorinn var notaður við frágang á girðingu í Mosfelli. Var hann lagður á hliðina í brattri hliðinni, og valt síðan einn hring. Ekki varð mikið tjón á tækinu, en olian fór út um allt í vélinni og e-ð mun rafkerfið hafa bilað. Menn sluppu með skrámur.

11. Annað.

Danielsen, fylkisskógarmeistari í N-Þrændalögum, kom í Haukadál og að Laugarvatni, við 6. mann, í Íslandsferð sinni. Þótti þeim furan og lerkíð, sem þau gróðursettu 1982 á Laugar-

vatni, hafa tekið góðum framförum.

Safnaðarbörnin í Haukadalssókn settu upp hestagerði á garð þann, sem stendur norðan í túninu austan við Sældarskoru. Til verksins voru notaðar rauðgrenispirur, er féllu við grisjun í Miðhliðinni sumarið 1986.

Gert að Grundarhóli 12. jan. 1989.

Sigvaldi Asgeirsson.

Viðbætur: Fyrirliggjandi verkefni í umhirðu ofl. í Haukadal vorið 1989.

Úðun: í fyrsta sinn í eftirtöldum reitum: 1086, 6173, 6050 og 7020-7034.

í annað sinn í eftirtöldum reitum: 2112-2120.

Magn: Ca. 12 l af Roundup, eða 50 dælur.

Frásögun: 2081-24 dagsverk.

Aburðargjöf: a) Handdreift í eftirtalda reiti: 6170, 2122-2125 (að hluta), 2081 (að hluta), 2109, 2108, 6082, 2062 (að hluta), 2071 (að hluta), 3072, og 2110-2120 (að hluta). Alls 6,5 t handdreift- 30 dagsverk.

b) Flugdreift í eftirtalda reiti: 1010, 1011, 1012, 1013, 1014, 1015, 1016, 1021, 1022, 1023, 1024, 1032, 1033, 1034, 1035, 1041, 1042, 1051, 1052, 1053, 1061, 1071, 1072, 1073, 1074, 1081 og 1082. Alls 29,5 ha-19.5 t.

Snyrting og fráklipping: Sögun tvistofna ofl.: 30 dagsverk.

Gróðursetning: 60000 pl. í Kókskóg- 30 dagsverk.

Vegagerð: bera ofan í 10 km og yta út skurðaruðningi ca. 3 km.

Grisjun: Rása við Beinhóla 4 ha- 25 dagsverk.